

3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2017 - 2018 haldinn föstudaginn 24. nóvember 2017 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Berglind Birgisdóttir varamaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Steinþór Einarsson, Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Tinna Ösp Arnardóttir fulltrúi kennara, Rebekka Þurý Pétursdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvaldsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans

Skólameistari er ánægður með stöðuna. Breytingar hafa orðið á uppsetningu fjármálayfirlits frá ráðuneytinu, ekki eins einfalt að skoða innstreymi og útstreymi fjármagns. Breytingin er í þá veru að nú er það meira sambærilegt við rekstur fyrirtækja.

2. Breytingar í starfsmannamálum

Aðstoðarskólameistari Snjólaug Elín Bjarnadóttir, Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og Dagný H. Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi frá 1. janúar 2018. Staða stærðfræðikennara er auglýst laus til umsóknar.

3. Þriggja anna kerfi

Nefnd hefur verið að störfum á haustönn. Verkefnastjóri hefur farið í allar deildir innan skólans og kynnt möguleikana sem felast í nýju kerfi. Komið er að því að prófa að setja upp stokkatöflu og sjá hvernig hún myndi ganga upp innan skólans. Hafa þarf kjarasamningbundin ákvæði í huga og reynslu frá MS til hliðsjónar. Mikil vinna að fara í svona breytingar, það þarf mikinn undirbúning og aðstoð við breytingarferli. Ákvörðun verður tekin á þessu skólaári. Umræðan verður áfram í gangi á fundum skólanefndar.

4. Mötuneyti nemenda

Nefnd að störfum um mötuneyti nemenda. Starfsmenn mötuneytis nemenda vita að breytingar verða eftir vorönnina. Nefndin hefur skoðað málið með því að leggja fyrir spurningakönnun og fleira. Ýmsar hugmyndir í umræðunni.

5. Önnur mál

Bréf var sent frá Garðaskóla til foreldra nemenda þar sem fram kemur að ekki er öruggt að allir komist inn í FG þótt þeir sæki um. Spurningar komu frá Garðapóstinum um þetta bréf og skólameistari svaraði því á skýran hátt. Mun væntanlega birtast í næsta tölublaði.

Kynbundið ofbeldi – umræðan í samfélaginu hefur áhrif. „Me too“ hreyfingin hefur ekki náð inn í framhaldsskólana þó nemendur ræði þessi málefni.

Skemmtikvöldið í FG tókst vel og ábending kom fram að það mættu vera oftari svona kvöld á önninni.

Einnig kom fram fyrirspurn um dagskrá í ferðum til útlanda á vegum skólans.

Fundi slitið kl. 13.00

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.